



05.12.14

Alþingi
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumv. til breytinga á tekjustofnalögum, þingskjal 483- 366. mál.

Vísað er til frumvarps, sem Umhverfis og- Samgöngunefnd hefur til umfjöllunar, varðandi breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þrenns konar breytingum á lögum nr. 4/ 1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Í fyrsta lagi er ráðgert að fjölga nefndarmönnum um tvo í ráðgjafarnefnd ráðherra skv. 15. gr. laganna. Í öðru lagi er bráðabirgðaákvæði um mildun áhrifa vegna breyttrar aðferðafræði við fasteignamat atvinnuhúsnaðis á álagðan fasteignaskatt og í þriðja lagi bráðabirgðaákvæði um greiðslu sérstaks framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til mildunar á tekjutapi sveitarfélaga, vegna ákvæða laga nr. 40/2014 um séreignasparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnaðislána og húsnaðissparnaðar.

Í fyrsta lagi : Varðandi breytingu á 1. gr. laganna, þar sem fjallað er um fjölgun í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Hér er sú breyting talin vera til bóta, þar sem vægi sjóðsins hefur aukist til muna á síðustu árum og ekki hvað síst við það að málefni fatlaðra voru færð frá ríki til sveitarfélaga. Með breytingu þessari er sveitarfélögum gefið meira rými til að koma að málefnum sjóðsins. Slík breyting eykur vonandi sátt meðal sveitarfélaga um starfsemi sjóðsins.

Í öðru lagi: Varðandi breytingu á 2. grein laganna sem fjallar um breytta aðferðafræði við fasteignamat á atvinnuhúsnaði. Hér er lagt til að stofn til álagningar fasteignaskatts á fasteigninir í c-lið 3. mgr. 3. gr. breytist árin 2015 og 2016 í þeim tilgangi að milda áhrif hækkunar skattstofns, sem breytt aðferðafræði við matið veldur.

Í 2. mgr. laganna segir að: „Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra“.

Með breytingunni er lagt til að þessi stofn verði fundinn þannig að árið 2015 skuli miða við 70 % af fasteignamati eins og það er 30. des. 2014 og 30 % af fasteignamati 31. des. 2014. Á árinu 2016 skal stofninn skv. frumvarpinu vera 30 % af fasteignamati þessarra eigna 30. des. 2015 og 70 % af fasteignamati þeirra 31. des. 2015

Árið 2017 er síðan gert ráð fyrir að ákvæði nógildandi laga gildi aftur að fullu varðandi álagningu þessara fasteignagjalda.

Hér er lagst á móti þessari breytingu og lagt til að ákvæði gildandi laga standi óbreytt. Hringlandaháttur við álagningu þessara gjalda er ekki af hinu góða. Í gildandi lögum eru einnig nægjanlega rúmar heimildir til þess að lækka og hækka álagningarprósentur

Í viðkomandi sveitarfélögum, hækki eða lækki stofnar fasteignagjalda með óeðlilegum hætti. Af þessum sökum er eindregið mælt með því að ákvæði gildandi laga varðandi þessi málefni verði látin standa óbreytt. Sveitarfélögin geta þá hvert og eitt ákveðið hvernig álagningarprósentan er hækkuð eða lækkuð innan ramma gildandi laga. Sá rammi er eins og greint hefur verið frá nægjanlega rúmur í gildandi lögum. Það mælir einnig með því að ákvæði þessu verði ekki breytt að flest sveitarfélög eru um það bil eða þegar búin að samþykkja fjárhagsáætlanir sínar fyrir árið 2015. Breyting þessi er því óþægilega seint á ferðinni.

Í þriðja lagi: Varðandi breytingu, sem snýr að sérstöku jöfnunarframlagi vegna bankaskatts. Ekki er gerð athugasemd við þá leið sem lögð er til í frumvarpinu. Þar er ráðgert að umræddum tekjuauka vegna bankaskatts verði dreift til sveitarfélaga á grundvelli hlutdeildar sveitarfélaganna í heildarútsvari næstliðins árs. Hér eru ekki gerðar athugasemdir við þá breytingu.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum,



Þorsteinn Steinsson

Bæjarstjóri
Grundarfirði



Bæjarstjórinn
Grundarfirði